

Svar

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Maríu Hjálmarsdóttur um einbreiðar brýr.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að verkefnum varðandi fækkun einbreiðra brúa verði flýtt þrátt fyrir að hönnunarvinnu sé ekki lokið? Ef svo er, með hvaða hætti?

Í aðgerðaáætlun samgönguáætlunar eru markmið og mælikvarðar sem miða að bættu umferðaröryggi. Eitt af forgangsmarkmiðum samgönguáætlunar er fækkun einbreiðra brúa á umferðarmestu vegum landsins.

Vegagerðin lætur vinna áætlun um forgangsroðun nýrra brúa þar sem einbreiðar brýr eru fyrir. Fyrst og fremst er tekið tillit til umferðar, burðargetu, aldurs og ástands, samfellu á leiðum auk sérstakra aðstæðna séu þær uppi.

Af 1.191 brú í þjóðvegakerfinu eru 677 einbreiðar, þar af voru 39 brýr á Hringveginum einbreiðar árið 2017. Í markmiðum samgönguáætlunar 2019–2023 var áherslan á að fækka einbreiðum brúm á vegum með yfir 200 bíla meðalumferð á dag allt árið og fækka þeim um níu á tímabilinu eða í 30 árið 2023.

Markmiðin voru endurskoðuð í endurbættri samgönguáætlun 2020–2024 sem lögð var fyrir Alþingi í byrjun desember 2019 og fjármagni bætt í frá fyrri áætlun til að auka umferðaröryggi. Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir 2.500 millj. kr. framlagi á næstu fimm árum til fækkunar einbreiðra brúa með markmiði að einbreiðar brýr á Hringvegi verði 22 árið 2024.

Þessu til viðbótar þá er gert ráð fyrir sérstöku framlagi í tengslum við fjárfestingaráttak 2020 að fjárhæð 3.300 millj. kr. til að breikka einbreiðar brýr á næstu tveimur árum. Samtals er því áformað að verja um 5.800 millj. kr. á næstu fimm árum til fækkunar á einbreiðum brúm.

1. tímabil (m.kr)	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Samgönguáætlun 2020-2024	500	500	500	500	500	2500
Fjárfestingaráttak	700	2600	0	0	0	3300
Samtals	1200	3100	500	500	500	5800

Alls eru fjórar brýr í byggingu, sem voru boðnar út árið 2019, sem munu leysa af hólmi einbreiðar brýr á Hringvegi 1:

- Brú á Brunná austan við Kirkjubæjarklaustur (2020)
- Brú á Kvía í Örfasveit (2020)
- Brú á Fellsá í Suðursveit (2020)
- Brú á Steinavötn í Suðursveit (2021)

Unnið er að því að alls sex brýr á Hringvegi verði breikkaðar til viðbótar á tímabilinu 2021–2024 miðað við fyrirhugaðar fjárveitingar til breikkunar brúa. Þær eru:

- Hverfisfljót (2021)
- Búlandsá
- Gjádalsá
- Hvaldalsá
- Selá í Álftafirði
- Krossá á Berufjarðarströnd

Í fjárfestingarátaki 2020–2022 verða þessar sjö einbreiðu brýr breikkaðar:

- Hringvegur um Núpsvötn
- Stóra-Laxá á Skeiða- og Hrunamannavegi
- Bjarnadalsá í Önundarfirði á Vestfjarðavegi
- Botnsá í Tálknafirði á Bíldudalsvegi
- Hringvegur um Skjálfafljót
- Köldukvíslargil á Norðausturvegi
- Gilsá á Völlum á Skriðdals- og Breiðdalsvegi

Margar brýr eru jafnframt tilgreindar sem sérstök verkefni eða hluti af öðrum verkefnum í 5 ára samgönguáætlun. Séu tekin dæmi um slíkar framkvæmdir úr samgönguáætlun 2020–2024 má nefna:

- Hattardalsá á Djúpvegi (2020)
- Jökulsá á Sólheimasandi 2021
- Hringvegur um Hornafjörð 2021–2024 (3 brýr)
- Vestfjarðavegur um Gufudalssveit 2020–2023 (4 brýr)
- Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði 2020–2024 (7 brýr)
- Þverárfjallsvegur og Skagastrandarvegur um Laxá 2021–2023 (1 brú)

Enn fleiri eru síðan á 2. og 3. tímabili 15 ára samgönguáætlunar.

Verk hefjast með undirbúningi, skipulagsbreytingum og hönnun nokkru áður en til eiginlegra framkvæmda kemur. Á því tímabili verka undirbýr Vegagerðin verkefni þannig að þau séu tilbúin er framkvæmdir eiga að hefjast. Það gerir stofnunin í samræmi við hvenær framkvæmdir eru fyrirhugaðar í samgönguáætlun. Þegar áætlunum er breytt og ákveðið að fara í tiltekna framkvæmdir fyrir en áður var fyrirhugað geta áætlanir riðlast. Þær þarf þá að endurskoða og breyta þannig að tími verði fyrir alla verkþætti allt frá hönnun, undirbúningsrannsóknum, skipulagsbreytingum o.s.frv.